



Ritrýnd grein birt 31. desember 2010

Hanna Óladóttir

Breytileiki í máli sem hluti af máluppeldi grunnskólanema

Námskrár, kennslubækur og veruleikinn í kennslustofunni

Markmið greinarinnar er að veita innsýn í hvernig mállegu uppeldi grunnskólanema er háttað þegar kemur að margbreytileika tungumálsins. Sjónum er sérstaklega beint að málfræðikennslu í unglingadeild. Fyrst er skoðað hvaða línur eru lagðar í aðalnámskrá í þessum efnum en síðan eru fjórir skólar ræddir sérstaklega. Farið er yfir námsefnið í málfræði sem þar var notað og greint frá hvernig kennsla fór fram, og sér í lagi ein ákveðin kennslustund. Niðurstöður gefa vísbendingar um að þrátt fyrir að aðalnámskrár ætlist til þess að í málfræðikennslu sé fjallað um tilbrigði í máli og hvatt sé til málarslegs umburðarlyndis endurspeglast það hvorki í kennslu- og æfingabókunum sem kennararnir völdu sér né í málfræðikennslunni sjálfri. Nemendur virðast fá mjög þröngt sjónarhorn á íslensku þar sem einblínt er á viðurkennt mál og hvað sé rétt og rangt í því samhengi. Slík nálgun er ekki til þess fallin að hvetja til málarslegs umburðarlyndis heldur ýtir frekar undir óæskilega málhegðun eins og málóttá, málhroka og ofvöndun.

Höfundur er aðjunkt við Kennaradeild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Linguistic variation as part of linguistic upbringing of secondary school students: Curricula, text books, and the reality in the class room

The purpose of this article is to shed some light on how language variation is presented to pupils in secondary schools. The focus is on grammar teaching in 9th and 10th grade. Firstly current elementary school curriculae published by the Icelandic Ministry of Education is examined with this in mind. Secondly text-books and grammar lessons in four schools are looked into especially, and one lesson in particular. Preliminary results indicate that even though the teaching of language variation and encouragement of linguistic tolerance is part of the curriculae this is neither reflected in the text- and workbooks selected by the teachers nor their teaching of grammar in the classroom. The pupils seem to get a very narrow view of the language, where the focus is on the accepted norm and with a sharp distinction between correct language usage and incorrect usage. That kind of an approach is not likely to encourage linguistic tolerance but rather to spur an undesirable language behavior like insecurity, arrogance and hyper-correction.

Inngangur

Langt er síðan farið var að benda á að þegar reynt er að þröngva fólki til að tala á annan hátt en er því eiginlegt, til að mynda með fordæmingu ákveðins málafríðis, getur það orðið til þess að fólk vandar sig um of þannig að til verður enn annað málafríði. Þetta átti til að mynda við um móðurina sem var svo umhugað um að dóttir hennar á unglingsaldri talaði rétt mál í útvarpsviðtali sem hún var á leið í að hún kvaddi dótturina með þessum orðum: „og mundu nú að segja *ég langar*“. Þessi tilhneiging sprettur af ótta við að tala mál sem ekki samræmist viðurkenndri málnotkun en getur líka orðið til þess að fólk verður haldið ákveðnum málótta, þ.e. það veigrar sér við því að tala við ákveðnar aðstæður. Slíkar ábendingar eru eins og fyrr segir ekki nýjar af nálinni, en þær koma til dæmis fram hjá Stefáni Karlssyni (1971), Baldri Ragnarssyni (1977) og Gísla Pálssyni (1979).

Annar fylgifyskur slíkrar fordæmingar eru áhrif á viðhorf fólks til viðkomandi málafríðis, sem þarf ekki að vera í takt við málnotkun þeirra. Þetta má til að mynda lesa út úr niðurstöðum doktorsritgerðar Finns Friðrikssonar sem hann fjallar um í *Skímu* (2009, bls. 32). En þar kemur m.a. fram neikvætt viðhorf fólks til þágufallshneigðar (betur þekkt sem „þágufallssýki“) því að 30% þeirra sem nota málafríðið eru neikvæðir gagnvart því og 75% þeirra sem ekki nota það. Slík almenn fordæming á ákveðnum málafríðum ýtir undir málhroka gagnvart þeim sem láta sér málafríðið um munn fara.

Ofvöndun, málótti og málhroki á það sammerkt að vera spröttið af neikvæðum hvötum og ber því vott um neikvætt viðhorf til tungumálsins. Slíkt getur seint talist hluti af uppbyggilegu máluppeldi og ætti að vera keppikefli grunnskólans að vinna gegn slíkum hugmyndum frekar en að ýta undir þær. Grunnskólinn hefur mjög mótandi áhrif á hvernig nemendur hans hugsa í þessum efnum og er mjög mikilvægt að innræta með nemendum áhuga á tungumálinu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Móðurmálið er hluti af sjálfsmýnd hvers einstaklings eða eins og Baldur Ragnarsson orðaði það:

Mjög orkar tvímælis að ráðast eindregið gegn „röngum“ málfarsatriðum sem barn hefur vanist við og lært af foreldrum sínum og nánasta umhverfi. Í vitund barnsins beinist slík „árás“ ekki aðeins að málfari heldur jafnframt að lífi og háttum fjölskyldu þess og stöðu hennar í samfélaginu – svo nákomlið er mál lífi og athöfnum manna (1977, bls. 23–24).

Um afleiðingar slíks segir Baldur síðan:

Ætti að vera ljóst til hvers gagnrýni á málfar barns getur leitt ef hún er ógætilega orðuð og eindregið fordæmandi; ekkert er líklegra en að barnið snúist til varnar, leynt eða ljóst (Baldur Ragnarsson, 1977, bls. 24).

Í grunnskólanum hefur umræðan um rétt mál og rangt í gegnum tíðina ekki hvað síst tengst hefðbundinni málfræðikennslu, sem stundum hefur verið nefnd skólamálfraði, en hún tekur til beygingarfræði og hluta af því sem telst til setningafræði. Í þessum hluta íslenskukennslunnar hefur íhaldssemin virst vera hvað mest og lítið rúm gefið fyrir tilbrigði í beygingum eða málbreytingar. Það er því forvitnilegt að skoða hvernig þessum málum er háttað núna og er markmið greinarinnar að varpa nokkru ljósi á það. Til að gera það verður fyrst greint frá hvaða línur eru lagðar um málfræðikennslu í *Aðalnámskrám í íslensku* frá 1999 og 2007. Í framhaldinu verða síðan skoðuð gögn úr nýlegri vettvangsrannsókn á málfræðikennslu í fjórum skólum á unglingsstigi sem greinarhöfundur var meðal annarra aðili að árið 2010. Annars vegar verða námsgögn sem skólarnir nota skoðuð og hins vegar verður greint frá kennslustund þar sem gafst tækifæri til að kynna tilbrigði í máli fyrir nemendum.

Aðalnámskrár grunnskóla

Nýjasta aðalnámskráin fyrir grunnskóla um kennslu í íslensku er frá 2007. Þó tekur hún ekki að fullu gildi fyrr en 2010 (Menntamálaráðuneytið, 2007). Það er því aðalnámskráin frá 1999 sem hefur verið í gildi fram til þessa. Lögum samkvæmt er skólum skylt að gefa árlega út skólanámskrá þar sem nánari útfærsla á aðalnámskrá er sett fram, m.a. um markmið, inntak náms og námsmat (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 29). Áhrifa aðalnámskrár ætti því að gæta í ríkum mæli í kennslustofum grunnskóla landsins. Þar sem nýjasta námskráin hefur aðeins nýlega tekið gildi er rétt að skoða hvað sú frá 1999 hefur að segja um margbreytileika og tilbrigði í máli. Það er þó ekki síður áhugavert að rýna í námskrána frá 2007 til að sjá hvort um einhverja stefnubreytingu er þar að ræða í þessum efnum sem gæti haft áhrif á námsefni og kennslu í nánustu framtíð.

Aðalnámskráin 1999

Ef rýnt er í íslenskuhluta aðalnámskrár frá 1999, sem gilt hefur síðustu 11 árin, má merkja ýmsa þætti sem snúa að breytileika í máli, persónulegu máli nemenda og umburðarlyndi gagnvart máli annarra. Þar stendur til dæmis í inngangi, í framhaldi af því að sagt er frá þeim menningarlegu verðmætum sem felist í móðurmálinu, að námsgreinin íslenska fjalli líka „um málið sem félagslegt fyrirbæri þar sem meðal annars er nauðsynlegt að átta sig á breytileika í máli, til dæmis eftir landshlutum eða kynslóðum, og nauðsyn þess að temja sér ákveðið umburðarlyndi í þessum efnum“ (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 7). Síðar í innganginum stendur: „Loks er í móðurmáli verið að fjalla um megineinkenni hvers einstaklings, persónulegt málfar, sem er hluti af honum og sjálfsmynd hans“ (bls. 7). Talið er mikilvægt, auk annars, að nemendur „læri að virða og meta móðurmálið og temji sér umburðarlyndi gagnvart málnotkun annarra“ (bls. 8). Í upphafi kaflans *Nám og kennsla* (bls. 8) stendur síðan: „Með íslenskukennslu í grunnskólum eiga nemendur að öðlast jákvætt viðhorf til íslensku og kynnast áhrifamætti málsins og margbreytileika“.

Ýmislegt fleira felst þó í móðurmálskennslu samkvæmt námskránni því að ekki er einvörðungu fjallað um mál nemendanna heldur líka mál fyrirmyndanna, þ.e. bókmennta, kennara og foreldra (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 7). Bent er á að góð þekking á máli veiti líka tækifæri til að „beita því af listfengi og meta gott og vandað mál“ (bls. 7). Mikil áhersla er á að efla færni nemenda á sviði ritunar og talaðs máls. Sögulegt og menningarlegt gildi tungumálsins er ekki síður mikilvægt en félagslegt og mikilvægt er að nemendur átti sig á eðli móðurmálsins og lögmálum þess (bls. 8).

Þegar sérstaklega er vikið að markmiðum málfræðikennslu í grunnskólum (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 14) segir: „Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er bæði að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar og að betri málnotendum.“ Síðan er mest rætt um mikilvægi kennslu málfræðihugtaka til að nemendur verði færir um að fjalla um málið frá ýmsum hliðum. Í efstu bekkjum grunnskóla ætti að gefa yfirlit yfir málkerfið og sérkenni íslensks nútímamáls (bls. 15). Í lok kaflans um málfræðina er það sérstaklega tekið fram að „tæknilegar aðferðir við málfræðilega greiningu mega ekki verða íþrótt í sjálfu sér.“ Hér er hvergi minnst á að taka eigi sérstaklega fyrir margbreytileika tungumálsins og persónulegt mál eða máltilfinning nemenda er hvergi nefnd. Þaðan af síður sést hér orðið umburðarlyndi.

Þegar þrepamarkmið í málfræði fyrir 10. bekk eru skoðuð (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 81–82) kemur það sama í ljós. Margbreytileikinn er hvergi nefndur sem slíkur, hins vegar eiga nemendur að fá að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt og er þar mál unglunga spyrt saman við myndagátur, krossgátur, þrautir, orða- og málleiki og nýyrðasmíð (bls. 81). Mállýskur eru nefndar á nafn í tengslum við hljóðfræði og reyndar er nemendum uppálagt að þekkja helstu framburðarmállýskur á Íslandi (bls. 77). Margbreytileiki í máli birtist í hugtökunum *gott mál* og *vont, viðeigandi* og *óviðeigandi, formlegt* og *óform-*

legt sem nemendur eiga að þekkja (bls. 82). Fyrstu fjögur hugtökin eru ákaflega gildis-
hlaðin orð og vart til þess fallin að vekja með nemendum umburðarlyndi gagnvart máli
annarra. Þar segir líka að markmiðið sé að nemendur öðlist áhuga á að vanda mál sitt
sem best og láti það hæfa aðstæðum hverju sinni, þ.e. tali gott mál og viðeigandi. Ef til vil
má segja að síðasta þrepamarkmiðið í málfræði fyrir 10. bekk fjalli um persónulegt mál og
máltilfinningu, en það hljóðar svo: „nemandi öðlist trú á eigin kunnáttu og málhæfni“ (bls.
82). Þetta er annars svo almennt orðalag að ekki er hægt að átta sig almennilega á því
hvað hér er átt við, e.t.v. að vinna beri gegn því að nemendur fyllist málótta.

Það er ljóst af lestri íslenskuhluta aðalnámskrár frá 1999, sem gilt hefur síðasta áratuginn,
að hún er alls ekki leiðbeinandi um kennslu í tilbrigðum í máli eða hvernig koma eigi að
persónulegu máli nemenda, nema þá líklega til að stýra nemendum í átt að viðurkenndu
máli, þrátt fyrir það sem sagt er í inngangi. Aðallega er fjallað um er byggingu málsins
miðað við viðurkennt mál. Einu tilbrigðin í máli sem leiðbeint er um eru framburðarmál-
lýskur á Íslandi (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 77).

Aðalnámskráin 2007

Nú er fróðlegt að sjá hvort áhersla hefur breyst í þessum efnum í nýju aðalnámskránni
sem tekur að fullu gildi á þessu skólaár, þ.e. veturinn 2010–2011. Ýmislegt er líkt með
námskránum tveimur og markmiðunum sem sett eru þar fram. Líkt og í aðalnámskránni
frá 1999 er hér lögð áhersla á málið sem félagslegt fyrirbæri og er nær samhljóða eldri
námskránni:

Lögð er áhersla á mál sem félagslegt fyrirbæri, mikilvægi þess að átta sig á
breytileika í máli, til dæmis eftir landshlutum og kynslóðum, og nauðsyn þess
að temja sér umburðarlyndi í þessum efnum (Menntamálaráðuneytið, 2007,
bls. 6).

Líkt og í eldri námskránni er svo vikið að persónulegu máli nemenda: „Einnig er fjallað
um persónulegt málfar sem er eitt megineinkenni hvers einstaklings og sjálfmyndar
hans“ (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 6). Eins og í námskránni frá 1999 er mikilvægi
jákvæðs viðhorfs til málsins undirstrikað:

Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til
málsins og nái góðu valdi á því. Þeir þurfa því að fá ríkuleg tækifæri til að
kynnast áhrifamætti þess og margbreytileika (Menntamálaráðuneytið, 2007,
bls. 5).

Í þessari nýjustu námskrá er ekki lengur minnst á að fjallað sé um mál málfyrirmyndanna
jafnhliða persónulegu máli nemenda, eins og gert var í þeirri eldri, hins vegar er talað um
að „gildi góðrar íslenskukunnáttu þurfi að skýra og setja í samhengi við námið og mál-
notkun nemenda“ (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 8–9).

Þegar kemur að markmiði málfræðinnar sérstaklega er í námskránni frá 2007, líkt og í
þeirri eldri, talað um að það sé „að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar [og]
gera þá að betri málnotendum“ (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 10) að auki er svo
bætt við sem sérstöku markmiði málfræðinnar, sem í báðum námskránum var eitt af aðal-
markmiðum íslenskunámsins, að „glæða áhuga [nemenda] á móðurmálinu“ (bls. 10). Í
nýju námskránni er svo nýtt að minnast sérstaklega á málkunnáttuna í tengslum við mál-
fræðina: „Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði styðjist við málkunnáttu nemenda til að
efla sjálfstraust þeirra og vitund um eigin færni“ (bls. 11). Ekki er lengur minnst á að
málfræðileg greining megi ekki verða íþrótt í sjálfu sér.

Ef lokamarkmiðin í málfræði eru skoðuð kemur í ljós að breytileiki í máli hefur ratað þar inn, ólíkt fyrri námskrá, því að eitt af sjö lokamarkmiðum í málfræði hljómar svona: „Nemandi geri sér grein fyrir að tungumál eru síbreytileg og þekki til nokkurra breytinga á íslensku sem nú eiga sér stað“ (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 13). Þrepamarkmið sem voru í eldri námskránni eru nú ekki lengur tilgreind en hins vegar áfangamarkmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Fyrir umræðuna hér er helst ástæða til að benda á áfangamarkmið í málfræði við lok 10. bekkjar, sem eru nokkuð nákvæmari en lokamarkmiðin, en þar stendur að nemandi eigi „að hafa kynnst staðbundnum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun“ (bls. 19).

Það er greinilegt eftir lestur þessara tveggja aðalnámskráa og samanburð á þeim að meiri áhersla er nú lögð á að nemendur kynnist tilbrigðum í máli og síbreytilegu eðli tungumála en í eldri námskránni. Í því sambandi eiga þeir að þekkja til nokkurra málbreytinga sem nú eiga sér stað. Í nýrri námskránni er því nánari útfærsla en í þeirri eldri á kennslu tungumálsins sem félagslegs fyrirbæris og breytileika þess í því sambandi. Markmiðið með þessari áherslu virðist vera að yta undir umburðarlyndi nemenda þó að það sé ekki orðaþannig heldur eingöngu bent á nauðsyn þess að temja sér umburðarlyndi gagnvart breytileika í máli, t.d. eftir landshlutum og aldurshópum.

Það sýnir sig líka við samanburð á námskránum að í þeirri nýrri er mun minni áhersla lögð á einhvers konar fyrirmyndarmál. Í þeirri eldri er talað um að í móðurmálskennslu sé fjallað um mál fyrirmyndanna, bókmennta, kennara, og foreldra ekki síður en nemendanna (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 7) og að nemendur þurfi að kunna skil á hugtökunum *gott mál* og *vont, viðeigandi* og *óviðeigandi* sem og *formlegt mál* og *óformlegt* (bls. 82); það er þó sett í samband við mismunandi aðstæður og málsnið. Þetta er ekki að finna í námskránni 2007, þar er aðeins sagt í lokamarkmiðum 10. bekkjar í málfræði að nemandi eigi að gera sér grein fyrir að málnotkun er mismunandi eftir aðstæðum (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 19).

Þegar talað er um að tala verði í samræmi við aðstæður er átt við að þær séu misformlegar. Stundum kalla þær á að notað sé formlegt mál og stundum á óformlegt, á þessum mun þurfa nemendur að átta sig. Hefðum samkvæmt eiga nýjustu málbreytingar ekki heima í formlegu máli. Hvergi er komið inn á þennan þátt í námskránum. Það má því velta því fyrir sér hvort umburðarlyndið eigi kannski bara við þegar aðstæður eru óformlegar, þá megi nemandi nota sitt persónulega mál, en við formlegar aðstæður eru hlutirnir í mun fastari skorðum og það þurfi nemandi að tileinka sér. Það er í sjálfu sér ekkert við þetta að athuga. Í öllum tungumálum er ákveðinn málsstaðall sem kenndur er í skólum. Í hvorugri námskránni er þetta þó skýrt að nokkru leyti og hugtökin *málstaðall* eða *staðlað mál* aldrei notuð. Einnig er áberandi að hvergi er minnst á ritmál eða talmál í þessu sambandi og að einhver munur gæti verið á þeim.

Það má því segja að námskrárhöfundum mistakist að nokkru leyti það ætlunarverk sitt að hvetja til þess að nemendur grunnskóla fái víðari sýn á tungumálið en þá hefðbundnu sem aðeins einblínir á viðurkennt mál. Ástæða þessa tel ég vera hugtakanotkunina, eða réttar sagt skortur á hugtaki á borð við *málstaðall*. Þetta á sér þó dýpri rætur því að vandamálið snýst raunverulega um að í umræðunni um íslensku hefur aldrei verið talað um staðlaða íslensku eða staðlað ritmál, það hefur alltaf verið talið að Íslendingar töluðu meira og minna allir eins. Það eina sem fólk hefur tilfinningu fyrir að sé staðlað er stafsetningin. Á meðan svo er þvælast gamlar hugmyndir um að formleg íslenska sé á einhvern hátt réttari en önnur fyrir nútímalegri hugmyndum um að virða beri þá staðreynd að tungumálið er í eðli sínu margbreytilegt en ekki síður síbreytilegt. Í því samhengi er rétt að draga fram skilgreiningu nútímamálfræðinga á *réttu máli* sem full ástæða hefði verið fyrir námskrárhöfunda að notfæra sér í stað þess að sleppa algjörlega að nota hugtakið í ljósi

Þess að sú skilgreining er ekki í samræmi við hefðbundinn og almennan skilning á hvað teljist rétt mál. Dæmi um slíka skilgreiningu er svohljóðandi: „Sú málnotkun sem er í samræmi við málvenju er rétt mál (Höskuldur Þráinsson 2006, bls. 126)“. Samkvæmt þessu telst ekki bara það sem er í samræmi við viðurkennt mál rétt eins og almenni skilningurinn gerir ráð fyrir.

Næsta skref er að sjá hvernig málum er háttað á vettvangi, þ.e. í skólunum sjálfum, hvernig námsbókarhöfundar og kennarar vinna úr þessu og hvort og þá hvernig þeir kenna um breytileika tungumálsins.

Námsefni í málfræði

Í félagi við Önnu S. Þráinsdóttur lektor og Sigurð Konráðsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, fór höfundur af stað með rannsókn á málfræðikennslu í grunnskólum vorið 2010. Ætlunin var að öðlast mynd af því hvernig málfræðikennsla fer fram á mið- og unglingastigi í íslenskum grunnskólum, t.d. hvaða námsefni sé notað, hvers konar kennsluaðferðir, hvert sé viðhorf nemenda og kennara til hennar og reyna síðan að meta hver árangurinn sé af henni og hvort breytinga sé þörf.

Sá angi rannsóknarinnar sem fjallað verður um í næstu tveimur hlutum byggist á gögnum sem var safnað frá mars til júní 2010. Valdir voru fjórir skólar í Reykjavík og fylgst með málfræðikennslu hjá tveimur kennurum í hverjum skóla í 9. og 10. bekk. Í framhaldinu voru tekin viðtöl við alla kennarana út frá mjög ítarlegum viðtalsramma en þar kom meðal annars fram hvaða námsbækur kennararnir nota við kennsluna. Þær námsbækur verður fjallað um í þessum hluta.

Nokkur aldursmunur er á þessu námsefninu. Það elsta var upprunalega gefið út 1986 þó að hér verði fjallað um aukna og endurbætta 5. útgáfu bókarinnar sem kom út 1997. Þetta er kennslubókin *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist* eftir Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr. Á svipuðum aldri eru bækurnar *Fallorð* frá 1988, *Sagnorð* frá 1989 og *Smáorð* frá 1990 eftir Magnús Jón Árnason. Í tengslum við Mályrkjubækurnar, sem komu út á árunum 1994–1998 (Þórunn Blöndal, 1994; Þórunn Blöndal, 1996; Höskuldur Þráinsson og Silja Aðalsteinsdóttir, 1998), samdi Svanhildi Kr. Sverrisdóttir þrjár verkefnabækur, meðal annars í málfræði og stafsetningu, sem nefnast *Finnur I* (2005), *II* (2005) og *III* (2003). Hér verða skoðaðar bækurnar *Finnur II* og *III* sem ætlaðar eru 9. og 10. bekk. Samhliða fylgdi meðal annars hugtakabókin *Málfinnur, lítil málfræðibók* frá 2001, einnig eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur. Allt á þetta efni uppruna sinn fyrir tíma aðalnámskrárinnar 1999. Að síðustu verður svo rýnt í nýjasta námsefnið sem sumir skólanna fjögurra eru að prófa sig áfram með en það er *Skerpa, Vallaskólaleiðin* eftir Guðbjörgu Grímsdóttur, Guðbjörgu Dóru Sverrisdóttur og Kristjönu Hallgrímsdóttur sem kom út 2009-2010. Sérstaklega verður *Skerpa 2* skoðuð en það er verkefnabók ætluð 9. bekk.

Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist

Bókin *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist* eftir Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr sem kom út í 5. útgáfu, aukinni og endurbættri, árið 1997 var kennd í 10. bekk í einum af þeim fjórum skólum sem heimsóttir voru.

Bókinni er skipt í fimm kafla: *Orðflokka*, en þar má finna hefðbundna skólamálfraði þar sem orðflokkgreining skipar öndvegi, eins og efni hans er lýst í formála (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997, bls. 5), *Setningafræði*, *Hljóðfræði*, *Málnotkun* og *Ljóðalestur*. Forskriftarmálfræðin er í hávegum höfð í þessari bók þar sem eitt er rétt og allt annað rangt. Sé til að mynda litið til fyrsta kaflans þar sem fjallað er um beygingar og eðli orðflokka og sérstaklega staldrað við sagnorðin og umfjöllunina um ópersónulegar sagnir stendur þar: „Þá skal þess getið að oft eru sagnirnar *kvíða* og *hlakka* notaðar sem óper-

sónulegar sagnir en það er rangt!“ (bls. 46). Nokkru neðar á sömu blaðsíðu stendur síðan: „Loks er rétt að minnst á það að ýmsum hættir til að nota þágufall með sumum ópersónulegum sögnum sem eiga að hafa þolfall. Dæmi um slíkar sagnir eru *langa* og *vanta*. Segja á: *mig langar* og *mig vantar* – en ekki **mér langar* og **mér vantar*“ (bls. 46). Hér er ekki gefið neitt rúm fyrir breytileika í máli, svona á þetta að vera og annað er rangt, við allar aðstæður. Ekki er minnst á að þetta eigi helst að varast í formlegu ritmáli og því vegið að persónulegu máli nemenda ef það vill svo til að þetta samræmist ekki máltilfinningu þeirra. Með öðrum orðum er hér ýtt undir þá hugmynd að aðeins sé til ein tegund íslensku sem sé sú rétta.

Á blaðsíðu 51 fjalla bókarhöfundar um viðtengingarhátt og þá er ekki látið staðar numið við forskriftarmálfræðina heldur er hátturinn hlutgerður og settur á stall með menningarverðmætum:

Viðtengingarháttur prýðir málið og er rétt að menn hlúi að honum nú á tímum örra breytinga og upplausnar. Hann er eitt af einkennum íslenskunnar og gerir hana litríkari. Ólíkt falletta og kjarnyrtara er t.d. að segja: *Ég færi* – í stað: *Ég mundi fara*. Munið eftir viðtengingarhættinum og verndið hann líkt og önnur menningarverðmæti (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997, bls. 51).

Þrátt fyrir þessar íhaldssömu hugmyndir gera höfundar sér grein fyrir að kennari er ekki að kenna nemendum neitt sem hann kann ekki fyrir: „Enda þótt þið séuð nú að læra á markvissari hátt um málfræði og margt vefjist fyrir ykkur kunnið þið samt ómeðvitað mestöll þessi fræði“ (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997, bls. 90). Það er þó greinilega skoðun þeirra að stýra þurfi nemendum í átt að hinni einu sönnu íslensku, því að þeir halda áfram og segja:

Í heilabúi ykkar eru geymdar allar þær málfræðireglur sem nota þarf til að tala rétta íslensku. [...] Vitaskuld fara menn misnákvæmlega eftir reglum tungunnar en almennt má segja að það sé einkenni á fullorðnum Íslendingi að hann kann allgóð skil á reglum tungunnar og beitir þeim við daglega málnotkun sína (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997, bls. 90)

Markmiðið er augljóslega að halda sig við eina tegund íslensku og berjast niður allar málbreytingar. Líklega væri nær að tala um *málvillur* í þessu samhengi.

Niðurstaðan af lestri kennslubókarinnar *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist* er því sú að þar er ekkert reynt til að kenna margbreytileika tungumálsins öðruvísi en í formi dóma um hvað sé rétt og hvað rangt. Ekki er talað um *málbreytingar* heldur *málvillur*. Slík kennsla getur seint talist vænleg til að ýta undir mállegt umburðarlyndi nemenda heldur miklu frekar málótta og málhroka, því að hvergi er látið að því liggja að til séu fleiri gjaldgengar tegundir tungumálsins en aðeins þessi eina sem höfundar telja eftirsóknarverða.

Fallorð, Sagnorð og Smáorð

Bækurnar *Fallorð* frá 1988, *Sagnorð* frá 1989 og *Smáorð* frá 1990 eru eftir Magnús Jón Árnason. Eins og hann segir í aðfaraorðum sem finna má innan á kápu þeirra allra og beint er til kennarans er um verkefnabækur að ræða sem samdar voru með það fyrir augum að notast með *Málvísi 1-3* eftir Indriða Gíslasonar (1989;1990; 1992). Séu bækur Indriða ekki notaðar jafnhliða bendir Magnús á að nauðsynlegt sé að fjalla um helstu fræðilegu grundvallaratriðin áður en nemendur gera verkefnið í bókunum þremur. Málvisibækurnar voru ekki notaðar í neinum af skólunum fjórum en bækurnar *Fallorð*, *Sagnorð* og *Smáorð* voru notaðar í einum þeirra.

Eins og aðfaraorðin í bókunum þremur gáfu til kynna eru þetta verkefnabækur og ekki ætlað að standa sjálfstæðar án viðbótarkennslu. Þó er nokkur texti þar sem hugtök eru kynnt. Til dæmis fer rúm blaðsíða í það í sagnorðabókinni að útskýra hvað átt er við með hugtakinu *ópersónuleg sögn* (Magnús Jón Árnason 1989, bls. 25–26) áður en verkefni eru lögð fyrir. Ekki er neitt svigrúm gefið hér til að ræða tilbrigði í máli heldur er hér um algjöra forskrift að ræða þó að ekki sé nokkurn tíma talað um rétt mál og rangt heldur aðeins sett fram það sem er rétt en hitt aldrei rætt. Sérstaklega er þó bent á það að sagnirnar hlakka, kvíða og finna til séu persónulegar og því þurfi að muna: *Ég hlakka til, þú hlakkar til* o.s.frv. (bls. 29). Framsetningin er ólíkt mildari hér en í kennslubókinni sem fjallað var um hér á undan. Þó er markmiðið það nákvæmlega sama: að kenna viðurkennda málnotkun þar sem ekki er rúm fyrir nein tilbrigði.

Finnur og Málfinnur

Bækurnar *Finnur I, II* (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2005) og *III* (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2003) voru samdar sem verkefnabækur með kennslubókunum *Mályrkju I, II og III* (Þórunn Blöndal, 1994; 1996; Höskuldur Þráinsson og Silja Aðalsteinsdóttir, 1998) og þeim fylgir meðal annars bókin *Málfinnur, lítil málfræðibók* (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2001), sem er yfirlit yfir helstu málfræðiatríði. Allir skólarnir fjórir dreifa *Málfinni* til nemenda sinna en hún er, eins og einn kennari sagði: „málfræði á einföldu máli“. Í þremur skólum af fjórum eru Finnsbækurnar síðan nýttar að einhverju marki. Í einum eru allar þrjár nýttar en í hinum tveim er það einna helst *Finnur II*. Mályrkjubækurnar sjálfar eru hins vegar ekkert nýttar við málfræðikennsluna heldur aðeins lestextarnir.

Í *Málfinni* (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2001) er að finna mjög hefðbundna mállysingu íslenskunnar. Farið er í gegnum alla orðflokkana, eðli þeirra og einkenni, helstu hljóðbreytingar, orðmyndun, einfalda setningafræði, lítið eitt um merkingu orða og uppbyggingu orðaforðans. Þetta er hrein forskriftarmálfræði þar sem ekki er fjallað um neinar nútímamálbreytingar eða tilbrigði í máli. Enn frekar á forskriftarnótunum er settur inn hér og þar í mállysingunni þáttur sem heitir *Gætum tungu okkar!* Þar eru leiðbeiningar um rétt mál og rangt. Verkefnin í Finnsbókunum eru svo á hefðbundnu nótunum þar sem allt sem fjallað er um í *Málfinni* er æft í formi eyðufyllinga að miklu leyti.

Í þessum bókum er hvergi tekið á marg- eða síbreytileika tungumálsins heldur er áherslan algjör á forskriftarmálfræðina þar sem staðlað ritmál er í fyrirrúmi þó að það sé aldrei kallað því nafni heldur er verið að lýsa íslensku.

Skerpa

Nýjasta námsefnið sem tveir af fjórum skólum nýttu sér er *Skerpa, Vallaskólaleiðin* (Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir, 2009–2010). Skólarnir tveir nýta þó eingöngu *Skerpu* við kennslu 9. bekkjar, verkefnabókina *Skerpu 2*.

Skerpuvinnubókunum er skipt í 8–10 lotur, þeirri sem ætluð er fyrir 9. bekk og hér er til umfjöllunar, er til að mynda skipt í 9 lotur. Í upphafi hvernar lotu eru sett fram markmið og síðan koma svonefndar glósur um málfræði, stafsetningu, bókmenntir og ritun. Glósumnar eru ekki tæmandi efni fyrir nemandann og því er nauðsynlegt að kennarinn fylgi þeim eftir með meiri upplýsingum og dæmum. Meginefni hvernar lotu eru síðan verkefni sem tengjast markmiðunum og glósum. Hvað málfræðina varðar eru þetta hefðbundin eyðufyllingarverkefni sem þjálfar nemendur í því sem áður hefur verið kallað hefðbundin skólamálfraði, þ.e. orðflokkgreiningu, setningafræðihugtökum og orðmyndun, sem byggist algjörlega á stöðluðu ritmáli, án þess að það sé nokkurn tíma nefnt því nafni. Það er því ekkert talað um tilbrigði í máli eða margbreytileika tungumálsins frekar en í hinum kennslu- og verkefnabókunum.

Samantekt um námsefnið

Það er ljóst að hin hefðbundna skólamálfærni sem hér hefur títt verið nefnd er grunnurinn í þeim kennslu- og æfingabókum sem skólarnir fjórir nýta sér. Hefðbundin eyðufyllingarverkefni eru uppistaðan í þeim verkefnum sem sett eru fyrir. Í tveimur skólanna höfðu kennararnir sjálfir útbúið vinnuhefti fyrir nemendur með sama sniði, með fleiri samskonar verkefnum. Hvergi er fjallað um muninn á talmáli og ritmáli og að sú íslenska sem verið væri að þjálfva nemendur í væri í raun staðlað ritmál. Tilbrigði í beygingum voru ekki rædd heldur alltaf lögð áhersla á að eitt ákveðið form, ein ákveðin beyging, væri sú rétta. Það er því ljóst að markmið námskránna tveggja í íslensku um mikilvægi þess að fjalla um málið sem félagslegt fyrirbæri og að hvetja nemendur til að sýna umburðarlyndi gagnvart tilbrigðum í máli eru alls ekki útfærð í þessum tilteknu kennslubókum. Sú nýjasta bætir þar engu við umfram þær eldri.

Það er því ljóst að kennararnir í skólunum fjórum fá enga hjálp frá kennslu- og vinnubókunum í þessum efnum, að minnsta kosti ekki þeim sem þeir hafa valið sér að nota og hér hafa verið til umfjöllunar. Þær eru frekar til þess gerðar að vinna gegn umburðarlyndi og ýta undir mállega fordóma. Þar er þó bókin *Íslenska: kennslubók í málvísni og ljóðlist* (Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr, 1997) í sérflokk þar sem rangt mál er markvisst fordæmt í gegnum alla bókina. Aðrar bækur eru frekar líkt og í afneitun gagnvart öðrum formum eða tegundum íslensku því að þau kynna bara eina íslensku eins og ekkert annað sé til. Lítum nú á með hvaða hætti þetta birtist inni í skólastofunni.

Málfræðikennsla og tilbrigði í máli

Í þessum kafla byggist umfjöllunin mestmegnis á gögnum sem var safnað úr kennslustundum í skólunum fjórum. Samtals var fylgst með kennslu í 24 kennslustundum í málfræði, 6 tímum í 9. bekk og 18. í 10. bekk. Markmiðið með því að fá að fylgjast með kennslunni var alls ekki að fá yfirsýn yfir alla málfræðikennslu á unglingsstigi viðkomandi skóla heldur aðeins innsýn í kennsluna sem yrði síðan góður umræðugrundvöllur fyrir viðtölin við kennarana í framhaldinu, enda var reynt eftir fremsta megni að ræða við kennarana eins fljótt og auðið var eftir að fylgst hafði verið með kennslu þeirra. Það má því segja að það hafi verið miklum tilviljunum háð hvað verið var að fjalla um í þeim tímum sem fylgst var með. Hins vegar var munstrið yfirleitt þannig að kennarinn lagði inn ákveðið efni sem nemendum var upp á lagt að glósa og síðan var verkefnavinna í vinnubókum í tímanum og heima í tengslum við það. Málfræðikennslan stjórnaðist því mikið af kennslu- og vinnubókunum sem lýst var hér að framan og var með nokkuð hefðbundnu sniði.

Almennt má segja að af þeim 24 kennslustundum sem fylgst var með hafi ekki oft reynt á kennarana við kennslu í tilbrigðum í málinu. Umfjöllunarefnið var oftast orðflokkgreining eða setningahlutagreining en í einhverjum tilvikum orðmyndun og þá greining í orðhluta, þ.e. rót og stofn, eða umfjöllun um klopningu og hljóðvörp og kennslan með þeim hætti sem áður var lýst. Í tveimur 10. bekkjum var reyndar farið í tilbrigði í framburði þegar fjallað var um staðbundnar mállýskur. Þar var því ekki haldið fram að eitt tilbrigði væri réttara en annað heldur var tilbrigðum lýst nemendum til uppfræðslu. Eins og gefur að skilja er enginn munur í ritmáli á því hvernig orð eru borin fram í íslensku og því er hefð fyrir umburðarlyndi gagnvart tilbrigðum í framburði. Þegar upp var staðið var það því ekki nema í tveimur bekkjum sem kennarinn stóð frammi fyrir því að kynna fyrir nemendum málfræðikennslu sem ekki var víst að allir hefðu sömu máltilfinningu fyrir. Í báðum bekkjunum var umfjöllunarefnið ópersónulegar sagnir.

Ópersónulegar sagnir

Áður en lengra er haldið er rétt að staldra aðeins við þetta málfræðilega fyrirbæri sem til umfjöllunar er í umræddum kennslustundum. Ópersónulegar sagnir eru þær sagnir kall-

aðar sem taka með sér frumlag í aukafalli, líkt og til dæmis sagnirnar *finnst* og *langa*: *mér finnst* og *hana langar*. Þessar sagnir laga sig ekki að persónu frumlagsins heldur er form þeirra ávallt í 3. persónu eintölu. Sumar sagnanna sem venja hefur verið að taki með sér þolfallsfrumlag hafa í munni margra málhafa tilhneigingu til að taka með sér frumlag í þágufalli, *hana langar* verður þá *henni langar*. Þetta hefur verið nefnt „þágufallssýki“ eða „þágufallshneigð“. Skylt þessu tilbrigði í máli er tilhneiging tveggja persónulegra sagna til að vera ópersónulegar. Þetta eru sagnirnar *hlakka* og *kvíða* sem fá ýmist þolfalls- eða þágufallsfrumlag. Fyrirbærið hefur töluvert verið rannsakað og sýna rannsóknir sem gerðar voru meðal 11 ára barna með 20 ára millibili að tilhneigingin sé í sókn (Ásta Svavarsdóttir, 1982; Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson, 1984; Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson, 2003). Reyndar færir Finnur Friðriksson fyrir því rök að málbreytingin sé alls ekki í sókn heldur í jafnvægi (2009). En hvort sem málbreytingin er í sókn eða í jafnvægi má búast við að þegar ópersónulegar sagnir eru til umfjöllunar að viðurkennd málnotkun sé ekki í samræmi við máltilfinningu allra nemennanna. Þess má því vænta að nemendur láti í sér heyra eins og sannast í kennslustundunum tveimur.

Kennsla ópersónulegra sagna

En snúum okkur nú að umræddum kennslustundum í málfræði hjá 9. bekkjunum tveimur. Í báðum bekkjunum stríddi viðurkennda málafbrigðið gegn máltilfinningu nokkurra nemenda og í báðum bekkjum voru nemendur sem af þeim sökum ýmist fylltust óöryggi eða mótmæltu. Í öðrum bekknum var það mikill óróleiki í bekknum að athugasemdir nemendanna náðu ekki eyrum kennarans og því brást hann ekki við þeim. Í hinum bekknum sköpuðust hins vegar lífligar umræður og fer lýsing á þeim hér á eftir.

Þegar hér er komið sögu er kennarinn búinn að kynna fyrir nemendunum persónulegar og ópersónulegar sagnir. Hann gerir það ákaflega vel, kallar eftir dæmum frá nemendunum og lætur þá finna út að til eru þessar tvær tegundir sem hann setur síðan merkimiðana á. Samt fær hann þessa spurningu:

Nemandi: Er einhver vísa yfir þessar sagnir?

Kennari: Engin vísa.

Nemandinn gerir sér grein fyrir að hann getur ekki treyst á máltilfinningu sína og segir svolítið um hverju hann hefur vanist í málfræðináminu. Þar er grundvöllurinn ekki máltilfinning nemenda heldur reglur og undantekningar frá reglunum.

Í framhaldinu eru það svo sagnirnar *hlakka* og *kvíða* sem kennarinn vill beina athygli nemendanna sérstaklega að. Hér gefast kennaranum tækifæri til að kynna fyrir nemendunum tilbrigði í máli, sem hann og gerir.

Kennari (skrifar á töfluna): Athugið vel sagnirnar að hlakka til og kvíða fyrir. Þessar sagnir eru persónulegar en eru oft notaðar ópersónulega.

Kennarinn veit af því að nemendurnir gætu haft mismunandi tilfinningu fyrir þessum sögnum. Í þessari fullyrðingu sem hann setur upp á töflu er ekki sagt með afgerandi hætti að eitt sé réttara eða betra en annað. Nemendur eru vanir því að línur séu skýrar í þessum efnum og því kemur eftirfarandi spurning ekki á óvart.

Nemandi: Hvað þýðir það?

Ef kennarinn hefur ætlað sér með fyrri fullyrðingunni að vera ekki of dómharður í framsetningu gengur hann skrefinu lengra í eftirfarandi svari sínu.

Kennari: Það er rangt að hafa þær ópersónulegar. Þetta þurfið þið að læra utanbókar. Kemur ótal sinnum á prófi. Verða kannski orðnar ópersónulegar eftir 100 ár.

Málafbrigðið er sem sagt rangt. Það er ekki pláss fyrir tvær málvenjur. Engin tilraun er gerð til að tala um misformlegt mál í þessu sambandi eða mun á talmáli og ritmáli. Kennarinn telur greinilega ekki ólíklegt að flestir nemendanna noti viðkomandi sagnir ópersónulega og því segir hann þeim að þau þurfi að læra þetta utanbókar. Nemendur eru síðan hræddir með prófi. Eftir þennan dóm kennarans yfir málafbrigðinu byrja nokkrir nemendur að mótmæla enda er hér verið að ráðast á þá persónulega, því að móðurmálið er svo samofið persónuleika hvers og eins. Fyrir þeim er þetta eins og að segja að rangt sé að hafa dökkt hár.

Nemandi: Maður talar bara eins og maður talar.

Nemandi: Asnalegt að segja *Guðmundur hlakkar*.

Nemandi: *Guðmund hlakkar* meikar meira sens.

Kennari: Gaman að heyra hvað ykkur finnst. Þetta skiptir máli þegar maður skrifar ritgerð.

Þarna er ritmálið nefnt sem röksemd fyrir því að læra rétta málnotkun en ekki farið nákvæmar út í það. Hér fékk kennarinn gullið tækifæri til að tala um málsnið og mismunandi aðstæður en nýtti það ekki.

Nemandi: Þú getur ekki gefið okkur rangt á prófi þegar við segjum það sem við tölum.

Nemandi: Ef þú segir *Guðmundur kvíðir* þá halda allir að *kvíðir* sé eftirnafn.

Kennari: Munið bara eftir þessum tveimur sögnum.

Þarna er kennarinn kominn í rökþrot og gefst eiginlega upp. Mjög ringlaður nemandi spyr:

Nemandi: Eru þær núna persónulegar eða ópersónulegar?

Kennari: persónulegar.

Nemandinn fyllist greinilega óöryggi yfir því að geta ekki treyst á eigin máltilfinningu. Slíkt óöryggi leiðir til málóttá.

Það er augljóst að kennarinn kynnir málbreytinguna aðeins sem frávik frá réttu máli þegar upp er staðið þó að hann í upphafi hafi reynt að kynna tilbrigðið á hlutlausari hátt. Hann á síðan í vandræðum með að rökstyðja af hverju nemendurnir þurfa að læra aðra útgáfu en er þeim eiginleg. Helsta röksemdin er að þetta komi á prófi. Þessi aðferð er í samræmi við framsetningu námsbókanna og mjög sterka hefð í þessum efnum, það er því ekki að öllu leyti við kennarann að sakast. Tilbrigðið sem um ræðir er kynnt, en alls ekki á hlutlausan hátt, heldur að það beri að varast – alltaf. Vert er að draga sérstaklega fram hversu ólík nálgunin er hér á tilbrigði í máli miðað við hvernig tilbrigði í framburði voru kynnt fyrir nemendum og lýst var hér að framan en þar var enginn dómur felldur heldur aðeins greint frá því að fólk talaði á mismunandi hátt. Niðurstaðan hér er því sú að kennslustundin var ekki til þess fallin að efla með nemendum umburðarlyndi gagnvart tilbrigðum í máli, hvorki í sínu eigin né annarra. Það er því hætt við að þarna hafi fræi málóttá, málhroka og ofvöndunar verið sáð en kannski líka fræi áhugaleysis.

Umræður og lokaorð

Í upphafi greinarinnar var rætt um mikilvægi þess að nemendur grunnskólans öðluðust jákvætt viðhorf í garð móðurmálsins sem meðal annars fælist í því að kynna tilbrigði í máli sem eðlilegan hluta af gerð tungumálsins en hamra ekki á því að eitt tilbrigði væri réttara en annað, slíkt væri ávísun á neikvætt hugarfar sem æli af sér ofvöndun, málótta og jafnvel málhroka meðal nemenda. Markmið greinarinnar var að kanna hvernig þessum hluta máluppeldisins væri sinnt í grunnskólunum og var sjónum sérstaklega beint að málfræðikennslu á unglingastigi.

Fyrst var litið til þess hvað aðalnámskrá leggur til í þessum efnum. Þar er talað um málbreytingar og tilbrigði í máli sem hluta af því efni sem eigi erindi til nemenda á unglingastigi grunnskóla til að þeir geri sér grein fyrir að mál er félagslegt fyrirbæri og tileinki sér umburðarlyndi í málfarsefnum.

Kennslubækur í málfræði, sem því næst voru skoðaðar, voru hins vegar ekki í takt við aðalnámskrá því að þar var nálgunin mjög hefðbundin. Það sem kallað hefur verið viðurkennt mál var ávallt lagt til grundvallar, en tilbrigði afgreidd sem rangt mál ef um þau var rætt á annað borð. Slík framsetning er alls ekki til þess fallin að hvetja nemendur til að sýna umburðarlyndi gagnvart breytileika í máli.

Að lokum var svo greint frá kennslustund í málfræði þar sem tilbrigði í máli kom við sögu. Þó að kennarinn gerði sér vel grein fyrir að málafríðin væru tvö og líklegt mætti teljast að í bekknum væru fleiri frekar en færri nemendur sem notuðu nýrra afbrigðið í daglegu tali var nálgunin samt sú sem hefðin segir til um og fram kom í kennslubókunum: eldra afbrigðið er rétt, hitt er rangt. Málsnið var aldrei nefnt á nafn eða málafríðin sett í samband við annars vegar formlegt mál og hins vegar óformlegt, ritað mál og talað.

Það veldur auðvitað vonbrigðum að máluppeldið sem kennslubækurnar og kennslan eru til vitnis um skuli ekki tekið öðrum og nútímalegri tókum sérstaklega í ljósi þess sem stendur í aðalnámskrá. Varast ber auðvitað að draga of víðtækar ályktanir af þessum niðurstöðum enda lítið efni undir, sér í lagi hvað viðkemur kennslunni. Hins vegar ber það allt að sama brunni, þar sem nálgunin er með mjög hefðbundnu sniði. Nemendurnir fá mjög þrönga sýn á tungumálið því að þeim er aðeins kynnt viðurkennt mál, eða staðlað ritmál. Það væri kannski í lagi ef þeim væri sagt að svo væri. Viðbrögð nemendanna sýna hins vegar svo ekki verður um villst að tilbrigði í máli þarf að ræða sérstaklega við þá í málfélagsfræðilegu og málpólitísku ljósi. Þær umræður sem nemendur í 9. bekk áttu frumkvæðið að sýna að nemendur eru nægilega þroskaðir til að tala um þessi mál og eiga það sannarlega skilið. Það þýðir ekki að kenna þeim málfræði í tómarúmi eins og hefur tíðkast svo lengi heldur er það eðli tungumálsins í víðasta skilningi sem þarf og verður að kenna þeim. Með því fæst jákvæðari nálgun á viðfangsefnið og vonandi um leið hvetur það til jákvæðari viðhorfa nemendanna til tungumálsins.

Heimildir

Ásta Svavarsdóttir. (1982). Þágufallssýki. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 4, 19–62.

Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. (1984). Fall er fararheill. Um fallnotkun með ópersónulegum sögnum. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 6, 33–55.

Baldur Ragnarsson. (1977). *Móðurmál. Leiðarvísir handa kennurum og kennaraefnum*. Ritröð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar II. Reykjavík: Iðunn.

Finnur Friðriksson. (2009). Af þágufallshneigð og öðrum góðkunningjum málfarslögreglunnar. *Skíma* 32(1): bls. 28–32.

- Gísli Pálsson. (1979). Vont mál og vond málfræði. Um málveirufraði. *Skírnir* 153, bls.175–201.
- Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir. (2009-2010). *Skerpa. Vallaskólaleiðin*. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning.
- Höskuldur Práinsson og Silja Aðalsteinsdóttir. (1998). *Mályrkja III. Íslenska á unglingsstigi. Grunnbók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Höskuldur Práinsson. (2006). *Handbók um málfræði*. 2. útg. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Indriði Gíslason. (1989). *Málvísi 1*. 2. útg. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Indriði Gíslason. (1990). *Málvísi 2*. 2. útg. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Indriði Gíslason. (1992). *Málvísi 3*. 2. útg. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson. (2003). Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 25, 7–40.
- Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr. (1997). *Íslenska: Kennslubók í málvísi og ljóðlist*. 5. útgáfa, aukin og endurbætt. Reykjavík: Jón Norland og Gunnlaugur V. Snævarr.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008*.
- Magnús Jón Árnason. (1988). *Fallorð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Magnús Jón Árnason. (1989). *Sagnorð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Magnús Jón Árnason. (1990). *Smáorð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 15. september 2010 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf
- Stefán Karlsson. (1971). Tjáningartæki eða minnisvarði. *Samvinnan* 65(4): bls. 23–24.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2001). *Málfinnur, lítil málfræðibók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2003). *Finnur III. Verkefnabók – Mályrkja III*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2005). *Finnur I. Verkefni í málfræði og stafsetningu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2005). *Finnur II. Verkefni í málfræði og stafsetningu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þórunn Blöndal. (1994). *Mályrka I. Íslenska á unglingsstigi. Grunnbók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þórunn Blöndal. (1996). *Mályrka II. Íslenska á unglingsstigi. Grunnbók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.



Hanna Óladóttir. (2010).

Breytileiki í máli sem hluti af máluppeldi grunnskólanema: Námskrár, kennslubækur og veruleikinn í kennslustofunni. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/011.pdf>